




Ársskýrsla 2018

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Inngangur framkvæmdastjóra	3
Stjórn Framvegis	6
Starfsfólk Framvegis	7
Fræðslustarfið 2018	8
Námskeið fyrir sjúkraliða	9
Námskeið	11
Námskeið kennd í samvinnu við Starfsmennt	12
Gott að vita, námskeið í samvinnu við stéttarfélög SFR og St.Rv.	12
Námskrárbundin námskeið fyrir atvinnubílstjóra	14
Námsleiðir framhaldsfræðslunnar	18
Náms- og starfsráðgjöf	21
Raunfærnimat	22
Þróunarverkefni	22
Markvissráðgjöf og fræðslustjóri að láni	23
Stefna og gæðastarf	24
Önnur starfsemi	24
Fjarkennsla og vendinám	25
Kynningar- og markaðsmál	25
Námsferðir	26
Ársreikningur 2018	27

Ávarp stjórnarformanns

Mótum og sköpum framtíðina með Framvegis



Vinumarkaður stendur frammi fyrir mörgum áskorunum um þessar mundir. Má þar m.a. nefna hraðar tæknibreytingar með sífellt meiri sjálfvirkni og gervigreind. Lýðfræðilegar breytingar sem fela í sér að fólk lifir stöðugt lengur og fæðingartíðni lækkar. Þá kalla loftslagsbreytingar á grænna hagkerfi og meðvitaðri neytendur. Á alþjóðlegri ráðstefnu um framtíð vinnunnar sem haldin var í apríl síðastliðnum í samvinnu Norrænu ráðherranefndarinnar og ILO (Alþjóða vinnumálastofnunarinnar) kom fram að mikilvægt sé að

undirbúa fólk fyrir breytingarnar sem eru framundan. Stóru skilaboðin voru þau að framtíðin er ekki ráðin, bíður ekki eftir því að gerast heldur þurfum við að skapa og móta hana.

Nú þurfum við sem aldrei fyrr á góðum verkfærum að halda til að takast á við þær miklu áskoranir sem framundan eru þegar kemur að því að tryggja að starfsfólk sé með þá þekkingu sem vinnumarkaður framtíðar þarf á að halda. Framvegis hefur ýmis verkfæri í handraðanum en megináhersla hjá Framvegis er að bjóða upp á vandað nám hverskonar, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat ásamt því að vinna að þróunarverkefnum á sviði framhalds- og fullorðinsfræðslu. Einnig vinnur Framvegis með fyrirtækjum og stofnunum við þarfagreiningar og starfsþróun. Mikilvægt er að nýta þessi verkfæri til að mæta fólki þar sem það er statt. Ljóst er að nám og vinna þarf að verða meira samofið. Einnig þarf að tryggja að fjármagn sé til staðar svo hægt sé að nota verkfærin.

Framtíðin er það sem við ákveðum að gera úr henni. Framtíðin snýst um gildi og það að skilja engan eftir.

Stjórn og starfsfólk Framvegis er sátta við afkomuna á árinu og erum við ákveðin í því að slá ekki slöku við í framtíðinni. Margt er óunnið í fullorðins- og framhaldsfræðslu á Íslandi og Framvegis ætlar sér að takast á við áskoranir framtíðarinnar með gildi Framvegis að leiðarljósi en þau eru framsækni, fagmennska, árangur og virðing.

Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka starfsfólki Framvegis fyrir frábært starf og stjórnarmönnum þakka ég fyrir ánægjulegt samstarf.

Reykjavík, 27. apríl 2019

Jóhanna Þórdórsdóttir

Stjórnarformaður Framvegis

Inngangur framkvæmdastjóra




Með árinu 2018 lauk átjándra starfsári Framvegis sem einkenndist af betri fjárhagslegri afkomu en áætlanir gerðu ráð fyrir. Starfsemin hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár og verkefnin orðið fjölbreyttari og umfangsmeiri. Framkvæmdastjóri og stjórn leggja megináherslu á að reksturinn sé traustur þannig að miðstöðin geti sinnt verkefnum sínum eins vel og frekast er unnt.

Markmið Framvegis hefur alltaf verið að þjónusta markhópa sína og mæta þörfum einstaklinga sem þurfa að þróast í takt við sífellt meiri kröfur um hæfni á vinnumarkaði. Aukin þjónusta í formi náms- og starfsráðgjafar hefur skilað ánægðari námsmönnum og dregið úr brotthvarfi úr námi. Miðstöðin hefur boðið upp á náms- og starfsráðgjöf frá árinu 2015 og eru viðtöl nú orðin 1.042 talsins. Ráðgjöfin er orðinn einn af hornsteinum starfseminnar og gríðarlega mikilvægt tæki til þess að styðja við nám og námsframvindu fullorðinna námsmanna.


Miklar breytingar á tækni og störfum fylgja fjórðu iðnbyltingunni sem þegar er hafin. Það er heilmikið færnimisræmi til staðar en þá er átt við það misræmi sem er á milli þeirrar færni sem atvinnulíf sækist eftir og færni þeirra sem eru á vinnumarkaði. Menntun er ein megin forsenda þess að mannauður sé í samræmi við þarfir vinnumarkaðarins. Talsverðar áskoranir eru tengdar því að mæta auknum kröfum varðandi upplýsinga- og tæknilæsi en Framvegis hefur lagt áherlsu á að mæta eftirspurn eftir tæknitengdu námi og hefur m.a. verið í góðri samvinnu við tölvuskóla á höfuðborgarsvæðinu þar að lútandi. Aukin samvinna við ýmsa aðila svo sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Vinnumálastofnun, Virk og stéttarfélögin sem standa að Framvegis hefur verið starfseminni mikill styrkur.

Í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, fjallar fjórða markmiðið um að tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækfærum til náms alla ævi. Mikilvægt er að fullorðið fólk hafi aðgang að námi við hæfi og er gildi fullorðins- og framhaldsfræðslunnar í því samhengi ótvírætt.

Mannauður á Íslandi byggist á góðri menntun allrar þjóðarinnar og hefur framhaldsfræðslan þar stóru og víðtæku hlutverki að gegna.




Það hélst í hendur á árinu að nemendastundum fjölgaði og jafnframt þátttakendum. Fjölgun nemendastunda nam 12.560 frá árinu á undan. Það hafa aldrei fleiri þátttakendur sótt sér nám hjá Framvegis en árið 2018, námsmönnum fjölgaði um 374 milli ára.



Næsta mynd sýnir samanburð á nemendastundum námskeiðsflokka undanfarinna ára. Á myndinni kemur fram að nemendastundum framhaldsfræðslunnar í vottuðum námsleiðum hefur fjölgað, sama er að segja um stundarfjölda í endurmenntun atvinnubílstjóra. Aftur á móti fækkar stundum hjá sjúkraliðum og á Gott að vita námskeiðum sem haldin eru í samstarfi við SFR stéttarfélag í almannapjónustu og Starfsmannafélag Reykjavíkur.

Einn námskeiðsflokkur hefur bæst við, undir honum eru opin námskeið og námskeið sem kennd eru í samvinnu við Vinnumálastofnun og Virk.



Reksturinn 2018

Ársreikningur, sem fylgir þessari ársskýrslu, sýnir að rekstur Framvegis ársins 2018 er jákvæður. Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld eru tæpar 12 milljónir. Að teknu tilliti til fjármagnsliða hljóðar afkoma ársins upp á kr. 12.750.979. Tekjur hafa ekki áður verið meiri í sögu stöðvarinnar og hækka nú á milli ára um tæplega 16 milljónir.

Framundan eru miklar áskoranir í rekstri hjá Framvegis, breytingar eru fyrirsjáanlegar í rekstrarumhverfi og á tekjustofnum. Verkefnin framundan eru krefjandi og kalla á skapandi lausnir hjá starfsfólki. Í öllum rekstri er mannauður mikilvægasta auðlindin og hefur miðstöðin á að skipa framúrskarandi starfsfólki sem leggur metnað sinn í að mæta áskorunum af fagmennsku, ábyrgð og dugnaði. Miklivægt er að skapa vettvang fyrir starfsfólkið til þess að vaxa og þróast í starfi, með starfsfólkinu þróast starfsemin. Fjárfesting í mannauði skilar sér til framtíðar.

Stjórn Framvegis 2018

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á starfsemi miðstöðvarinnar og stefnumótun og að starfsemi og rekstur sé í samræmi við samþykktir miðstöðvarinnar og lög um framhaldsfræðslu. Stjórn Framvegis hélt 7 fundi á árinu og var ársfundur að þessu sinni haldinn 17. maí. Ársfundinn sitja auk stjórnar varamenn í stjórn og eigendur fyrirtækisins.



Jóhanna Þórdórsdóttir
stjórnarformaður
SFR - Stéttarfélag í almannabjónustu



Bryndís Theódórsdóttir
meðstjórnandi
SFR - Stéttarfélag í almannabjónustu



Birna Ólafsdóttir
meðstjórnandi
Sjúkraliðafélagi Íslands



Guðrún Lárusdóttir
meðstjórnandi
Sjúkraliðafélagi Íslands



Jakóbína Þórðardóttir
meðstjórnandi
Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar

Varamenn

Árni Stefán Jónsson, SFR
Guðríður Sigurbjörnsdóttir, St.Rv.
Jóhanna Traustadóttir, SLFÍ

Hluthafar Framvegis 2018

Eigendur og hluthafar Framvegis eru Sjúkraliðafélag Íslands sem á 43,14%, SFR - stéttarfélag í almannabjónustu sem á 43,14% og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar sem á 13,72%.

Starfsfólk Framvegis 2018

Engar breytingar voru á starfsmannahaldi Framvegis á árinu. Fjórir starfsmenn eru í fullu starfi hjá miðstöðinni. Tveir náms- og starfsráðgjafar sem sinna einnig verkefnastjórnun, einn verkefnastjóri og framkvæmdastjóri. Leiðbeinendur Framvegis sem koma að kennslu starfa allir sem verktakar en fjöldi þeirra á árinu var rúmlega 100.



Helga Tryggvadóttir
náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
100% starf



Ingibjörg Kristinsdóttir
náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
100% starf



Líney Jóhannesdóttir
verkefnastjóri
100% starf








Vigdís Þyri Ásmundsdóttir
framkvæmdastjóri
100% starf



Fræðslustarfið 2018

Haldin voru 211 námskeið hjá Framvegis á árinu, námskeiðin voru mjög ólík hvað varðar lengd, efnistöð og markhópa. Áhersla var á starfsþróunarnámskeið sem gagnast fullorðnu fólki á vinnumarkaði, vottaðar námsleiðir framhaldsfræðslunnar auk ýmissa námskeiða í samvinnu við hina ýmsu aðila vinnumarkaðarins.

Fjöldgun námskeiða var talsverð miðað við árið á undan eins og myndin sýnir hér fyrir neðan. Meginástæður fyrir þessu aukna umfangi námskeiða var mikil aðsókn á námskeið fyrir atvinnubílstjóra sem og ný námskeið í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins.




Námskeið fyrir sjúkraliða





Námskeið sjúkraliða hafa verið einn meginstofn í námskeiðahaldi frá stofnun Framvegis. Haldin voru 29 námskeið á árinu og voru 18 þeirra einnig fjarkennd í beinni útsendingu. Fjarkennslan veitir sjúkraliðum á landsbyggðinni aðgang að símenntun sem þeir að öðrum kosti hefðu ekki tök á að sækja. Mikil ánægja er með þetta fyrirkomulag og verðum við hjá Framvegis að hrósa þessum hópi fyrir miklar framfarir í tæknilæsi. Áhersla er lögð á að námskeiðin séu starfstengd og hægt að meta þau til launa fyrir stéttina. Að auki voru haldin tvö leiðbeinendanámskeið fyrir sjúkraliða og var aðsókn á þau mjög góð. Á árinu þurfti að fella niður þrjú sjúkraliðanámskeið vegna dræmrar skráningar en það heyrir til undantekninga hjá þessum hópi.

Yfirlit námskeiða

Símenntun sjúkraliða	Fjöldi þátttakenda	Kennslustundir	Nemendastundir
Heilabilun grunnnámskeið	25	15	375
Sálfélagsleg vinnuvernd í heilbrigðisgeiranum	14	6	84
Núvitund og samskipti við skjólstæðinga	7	10	70
Sálræn skyndihjálp og mannlegur stuðningur í starfi sjúkraliða	24	6	144
Hjúkrun og meðferð lungnasjúkdóma	22	10	220
Þáttur bólgu í offitu og meðferð	20	6	120
Álag í samskiptum í heilbrigðisgeiranum	13	15	195
Sár og sárameðferð	11	15	165
Sykursýki og næring	15	10	150
Engin heilsa er án geðheilsu	21	6	126
Mat á þunglyndi og sjálfsvígshættu	19	15	285
Kviði og kviðameðferðir	26	10	260
Lífstílsjúkdómar og lífstílslyf	19	10	190
Áhrif vaktavinnu á andlega og líkamlega liðan sjúkraliða	26	6	156
Líf með taugasjúkdóm: andleg einkenni, lífsgæði og úrræði til orkusparnaðar	31	10	310
Sérstakar þarfir aldraðra og aðstandenda þeirra	16	15	240
Góð næring - bætt lífsgæði	26	10	260
Kviði og kviðameðferðir	29	10	290
Parkinson sjúkdómurinn	13	10	130
Álag í samskiptum í heilbrigðisgeiranum	23	15	345
Engin heilsa án geðheilsu	27	15	405
Samskiptafærni í starfi sjúkraliða	19	10	190
Verkir og verkjameðferð	25	10	250
Hjúkrun eftir liðskiptaaðgerð	25	10	250
Mikilvægi góðrar andlegrar heilsu hjá öldruðum	23	15	345
Jafnvægi í daglegu lífi heilbrigðisstarfsmanna	12	10	120
Samtals	510	274	5549



Sjúkraliðar hafa verið iðnir í gegnum tíðina að sækja námskeið en eins og sést á stöplaritinu sóttu heldur færri sjúkraliðar námskeið árið 2018 en árin á undan.



Námskeið


Mikil vinna hefur verið lögð í að víkka út starfsemi Framvegis og hefur elja starfsfólks skilað fjölbreyttara námsframboði og viðskiptavinum. Gott samstarf var við Vinnumálastofnun, Virk starfsendurhæfingu, Öryggismiðstöðina og Félag náms- og starfsráðgjafa á árinu. Eins og taflan sýnir hér að neðan þá voru námskeiðin 17 talsins í þessum flokki sem öll eru ný og hafa ekki verið kennd áður hjá miðstöðinni.

Námskeið	Fjöldi þátttakenda	Kennslustundir	Nemendastundir
Tjáskiptanámskeið	16	4	64
Tjáskiptanámskeið	22	4	88
Færni, ferill og framkoma	16	12	192
Færni, ferill og framkoma	12	12	144
Færni, ferill og framkoma	12	12	144
Færni, ferill og framkoma	13	12	156
Færni, ferill og framkoma	10	12	120
Færni, ferill og framkoma	6	12	72
Færni, ferill og framkoma	9	12	108
Ferðalag í flughálku - ADHD	14	7	98
Færni, ferill og framkoma	13	12	156
Færni, ferill og framkoma	15	12	180
Færni, ferill og framkoma	8	12	96
Færni, ferill og framkoma	11	12	132
Tjáskiptanámskeið	23	4	92
Uppleið	6	40	240
Uppleið	10	40	400
Samtals	216	231	2482

Námskeið kennd í samvinnu við Starfsmennt

Mikið og gott samstarf hefur verið við Fræðslusetrið Starfsmennt í gegnum tíðina og hefur Framvegis undanfarin ár kennt námskeiðin Rekspöl I og II, Starfsnám stuðningsfulltrúa grunnnám og framhald. Þetta eru allt námskeið sem Starfsmennt hefur þróað og búið til. Ekkert af þessum námskeiðum var kennt á árinu og ekki útséð um hvort þau verði kennd í framtíðinni.

Eins og sést á stöplaritinu hér fyrir neðan þá hefur þátttakendum á þessum námskeiðum farið fækkandi ár frá ári. Þessi þróun gefur til kynna að námskeiðin þurfi að endurskoða því þau virðast ekki mæta neinni þörf og er eftirspurn eftir þeim lítil sem engin. Mikilvægt er að samstarf verði áfram gott milli þessara fræðsluaðila og hlutaðeigandi aðilar leggi áherslur þar að lútandi.



Gott að vita - fyrirlestrar og námskeiðaröð í samvinnu við stéttarfélögin SFR og St.Rv.

Markmið með þessum fjölbreyttu námskeiðum og fyrirlestrum er að gefa félagsmönnum kost á vandaðri fræðslu sem höfðar til sem flestra. Fræðslan er fyrst og fremst hugsuð til gagns og ánægju og er félagsmennun að kostnaðarlausu. Framvegis vinnur með fræðslunefndum félaganna við mótun dagskrár fyrir hverja önn.

Á árinu var félagsmennun boðið upp á 37 viðburði og voru þátttakendur 395 sem er snöggtum færri en árið á undan. Tölflurnar hér fyrir neðan sýna framboð fyrirlestra og námskeiða á árinu 2018.

Námskeið 2018

Gott að vita	Fjöldi þáttt.	Klst.	Nemst.
Aqua zumba	12	4	48
Fab-lab	7	5	35
Fluguhnýtingar	4	6	24
Eldað fyrir einn	11	4	44
Sögur úr eigin lífi	6	6	36
Tálgun	8	6	48
Íbúðaskipti erlendis	12	2	26
Trjárækt – heima og við sumarbústaðinn	10	4	40
Moltugerð	20	1,5	30
Förðunarnámskeið	12	2	24
Macrame hnýtingar	8	2	16
Persónuleg stefnumótun	20	2	40
Páskaeggjagerð	12	2	24
Hvort viltu vera gleðigjafi eða fýlupúki?	17	1	17
GPS námskeið	7	3	21
Eldað með börnum	7	4	28
Golfnámskeið (1)	8	8	64
Golfnámskeið (2)	8	8	64
Næringarfræði	16	1	16
Jóga - byrjendanámskeið	10	6	60
Streita - dulinn skaðvaldur	14	1,5	21
Eldað með börnum 1	6	4	24
Tálgun	8	6	48
Ljósmyndanámskeið	17	9	153
Garðurinn allt árið	14	1,5	21
Aððsig - menntatofa tækifæranna	10	9	90
Aqua zumba	6	4	24
Eldað fyrir einn	10	4	40
Verkefnastjórnun inn á við	18	2	36
Jóga - framhaldsnámskeið	14	6	84
Velliðan í lífi og starfi	14	3	42
Ukulele	7	8	56
Skapandi skrif	9	6	54
Eldað með börnum 2	4	5	20
Macrame hnýtingar	9	2	18
Konfektnámskeið fyrir jólin 1	8	2	16
Konfektnámskeið fyrir jólin 2	12	2	24
Samtals	395	152,5	1476

Námskrárbundin námskeið fyrir atvinnubílstjóra

Bílstjórar sem aka stórrí bifreið í ökuréttindaflokki D1 og D til farþegaflutninga í atvinnuskyni og í flokki C1 og C til vöruflutninga í atvinnuskyni þurfa að sækja 35 klukkustunda endurmenntun á 5 ára fresti.

10. september 2018 rann út frestur þeirra sem starfa við farðþega- og vöruflutninga í atvinnuskyni til að ljúka lögbundinni endurmenntun samkvæmt samþykktri námskrá Samgöngustofu sem innanríkisráðherra staðfestir. Er nú hafið nýtt 5 ára tímabil sem umræddir bílsjórar hafa til þess að endurnýja atvinnuréttindi sín.

Árið 2016 fékk Framvegis leyfi til þess að kenna þrjú kjarnanámskeið og tvö valnámskeið. Ári seinna fékk Framvegis leyfi Samgöngustofu til þess að kenna tvö valkjarnanámskeið til viðbótar í þessum flokki námskeiða. Þessi námskeið eru:

Kjarnanámskeið

- Vistakstur – öryggi í akstri
- Lög og reglur
- Umferðaröryggi – bíltækni

Valnámskeið

- Fagmennska og mannlegi þátturinn
- Skyndihjálpi

Valkjarnanámskeið

- Farþegarflutningar
- Vöruflutningar

Hér á eftir eru töflur yfir námskeiðin sem haldin voru í þessum flokki á árinu en þau voru 80 talsins.



Námskeið vor 2018

Endurmenntun atvinnubílstjóra	Fjöldi þátttakenda	Kennslustundir	Nemendastundir
Lög og reglur	11	7	77
Lög og reglur	9	7	63
Lög og reglur	14	7	98
Lög og reglur	14	7	98
Lög og reglur	22	7	154
Lög og reglur	17	7	119
Lög og reglur	17	7	119
Lög og reglur	23	7	161
Lög og reglur	21	7	147
Lög og reglur	20	7	140
Lög og reglur	20	7	140
Lög og reglur	9	7	63
Lög og reglur	30	7	210
Lög og reglur	7	7	49

Vistakstur	10	7	70
Vistakstur	13	7	91
Vistakstur	21	7	147
Vistakstur	12	7	84
Vistakstur	21	7	147
Vistakstur	26	7	182
Vistakstur	31	7	217
Vistakstur	23	7	161
Vistakstur	10	7	70
Vistakstur	17	7	119

Farþegaflutningar	13	7	91
Farþegaflutningar	11	7	77
Farþegaflutningar	19	7	133
Farþegaflutningar	21	7	147
Farþegaflutningar	25	7	175
Farþegaflutningar	6	7	42

Námskeið vor 2018

Endurmenntun atvinnubílstjóra	Fjöldi þátttakenda	Kennslustundir	Nemendastundir
Umferðaröryggi	10	7	70
Umferðaröryggi	25	7	175
Umferðaröryggi	11	7	77
Umferðaröryggi	29	7	203
Umferðaröryggi	11	7	77
Umferðaröryggi	12	7	84
Umferðaröryggi	21	7	147
Umferðaröryggi	9	7	63

Vöruflutningar	13	7	91
Vöruflutningar	14	7	98
Vöruflutningar	12	7	84
Vöruflutningar	9	7	63
Vöruflutningar	20	7	140
Vöruflutningar	9	7	63
Vöruflutningar	16	7	112

Fagmennska og mannlegi þátturinn	9	7	63
Fagmennska og mannlegi þátturinn	11	7	77
Fagmennska og mannlegi þátturinn	26	7	182
Fagmennska og mannlegi þátturinn	27	7	189
Fagmennska og mannlegi þátturinn	14	7	98
Fagmennska og mannlegi þátturinn	15	7	105
Fagmennska og mannlegi þátturinn	25	7	175
Fagmennska og mannlegi þátturinn	17	7	119
Fagmennska og mannlegi þátturinn	20	7	140
Fagmennska og mannlegi þátturinn	10	7	70
Fagmennska og mannlegi þátturinn	23	7	161
Fagmennska og mannlegi þátturinn	28	7	196
Fagmennska og mannlegi þátturinn	13	7	91
Samtals - 58	972	406	6804

Námskeið haust 2018

Endurmenntun atvinnubílstjóra	Fjöldi þátttakenda	Kennslustundir	Nemendastundir
Lög og reglur	10	7	70
Lög og reglur	11	7	77
Lög og reglur	17	7	119
Lög og reglur	12	7	84

Vistakstur	10	7	70
Vistakstur	24	7	168
Vistakstur	15	7	105
Vistakstur	3	7	21

Umferðaröryggi	13	7	91
Umferðaröryggi	17	7	119
Umferðaröryggi	12	7	84
Umferðaröryggi	28	7	196
Umferðaröryggi	14	7	98
Umferðaröryggi	13	7	91

Fagmennskan og mannl.	11	7	77
-----------------------	----	---	----

Vöruflutningar	9	7	63
----------------	---	---	----

Farþegaflutningar	8	7	56
Farþegaflutningar	11	7	77
Farþegaflutningar	14	7	98
Farþegaflutningar	13	7	91

Skyndihjálp	12	7	84
Skyndihjálp	13	7	91
Samtals - 22	290	154	2030

Námsleiðir framhaldsfræðslunnar

Framvegis hefur viðurkenningu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til þess að annast framhaldsfræðslu á grundvelli laga um hana frá árinu 2010. Framvegis uppfyllir skilyrði laganna um framhaldsfræðslu hvað varðar hlutverk og markmið, skipulag náms og kennslu, aðstöðu og rekstur.

Með samningi við Fræðslusjóð framhaldsfræðslunnar kennir Framvegis vottaðar námskrár fyrir skilgreinda markhópa framhaldsfræðslulaga, þ.e. einstaklinga 20 ára og eldri með stutta formlega menntun.

Vottaðar námskrár hafa undanfarin ár skipað æ stærri sess í starfi Framvegis og árið 2018 fjölgaði þeim námskrám sem miðstöðin bauð upp á fyrir markhópinn, nemendum fjölgaði verulega sem og nemendastundum. Framlag Fræðslusjóðs til þessara námsleiða gekk til þurrðar þegar á vorönn og þurfti Framvegis að sækja um viðbótarframlag fyrir haustönn til að sinna eftirspurn.

Vottaðar námskrár sem Framvegis kenndi eftir árið 2018:

Skrifstofuskólinn

Námið er 160 klukkustunda hagnýtt og starfstengt nám sem meta má til 18 eininga á framhaldsskólastigi. Námið byggist á raunhæfum verkefnum tengdum almennri tölvuvinnslu, bókhaldi, tölvubókhaldi, viðskiptaensku, þjónustu á skrifstofu og sjálfstyrkingu. Boðið var uppá fjarkennslu í þessari námsleið. Skrifstofuskólinn var kenndur í samstarfi við Promennt.

Skrifstofunám

Námið er 160 klukkustunda og ætlað fólki á vinnumarkaði sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki, vinnur almenn skrifstofustörf eða hefur hug á því. Meta má skrifstofunámið til 8 eininga á framhaldsskólastigi. Námið fer fram í formi fyrirlestra, verklegra og skriflegra verkefna og hópavinnu. Námið er að mestu leyti bóklegt. Boðið var uppá fjarkennslu í þessari námsleið. Skrifstofunám var kennt í samstarfi við Promennt.

Stökkpallur

Námið er 180 klukkustunda nám sem skiptist í 4 námsþætti sem meta má til 10 eininga á framhaldsskólastigi. Námið er á 1. þrepi íslenska hæfnirammans þar sem áhersla er lögð á að byggja upp samskiptafærni, efla sjálfstraust og þjálfá námsmenn til atvinnuþátttöku í mismunandi starfsumhverfi og til áframhaldandi náms. Stökkpallur var kenndur í samstarfi við Vinnumálastofnun á höfuðborgarsvæðinu.

Sölu-, markaðs- og rekstarnám

Námið er 440 klukkustunda nám, skiptist í 18 námsþætti sem meta má til 22 eininga á framhaldsskólastigi. Tilgangur námsins er að efla þekkingu og auka hæfni þeirra sem sinna, eða hafa áhuga á að sinna, sölustörfum, markaðsmálum eða stofna til eigin reksturs. Boðið var upp á fjarkennslu í þessari námsleið. Sölu-, markaðs- og reksrarnámið var kennt í samstarfi við Promennt.

Tækniþjónusta

Námið er 140 klukkustunda nám sem skiptist í 8 námsþætti sem meta má til 7 eininga á framhaldsskólastigi. Námið er á 2. þrepi íslenska hæfnirammans og er ætlað þeim sem sinna eða hafa áhuga á að sinna tækniþjónustu. Tækniþjónusta var kennd í samstarfi við NTV – tölvuskóla.

Tölvuumsjón


Námið er 334 klukkustunda nám sem skiptist í 12 námsþætti sem meta má til 17 eininga á framhaldsskólastigi. Námið er á 2. þrepi íslenska hæfnirammans. Tilgangur námsins er að efla hæfni þeirra sem vinna við, eða hafa hug á að vinna við, tölvuviðgerðir og að þjónusta tölvukerfi. Markmið námsins er að námsmenn öðlist grunnhæfni á sviði tölvuumsjónar.

Nemendur á námsleiðum framhaldsfræðslunnar hafa ekki verið fleiri í sögu Framvegis og það helst í hendur við fjölda nemendastunda.






Námsleiðir 2018

Námsleiðir framhaldsfræðslunnar FA	Fjöldi þátttakenda	Kennslust.	Nemenda-stundir
Skrifstofunám	13	240	3120
Skrifstofuskólinn	10	240	2400
Skrifstofuskólinn	10	240	2400
Skrifstofuskólinn	10	240	2400
Stökkpallur	9	270	2430
Sölu - markaðs og rekstrarnám	11	410	4510
Tækniþjónusta	12	210	2520
Tækniþjónusta	10	210	2100
Tölvuumsjón	9	501	4509
Grunnnám fyrir skólaliða	12	70	840
Skrifstofuskólinn	10	240	2400
Skrifstofuskólinn	11	240	2640
Stökkpallur	12	270	3240
Sölu - markaðs og rekstrarnám	7	410	2870
Tækniþjónusta	13	210	2730
Samtals	159	4001	41109

Fjöldi námsmanna á námsleiðum FA



Nemendastundir í námsleiðum FA



Náms- og starfsráðgjöf

Framvegis býður upp á náms- og starfsráðgjöf fyrir markhóp framhaldsfræðslulaga. Tveir náms- og starfsráðgjafar starfa hjá Framvegis og sinna þeir einnig verkefnastjórnun og kennslu á námsleiðum framhaldsfræðslunnar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á hópráðgjöf til námsmanna sem sækja nám á námsleiðum og hefur viðfangsefni hópráðgjafarinnar snúist um námstækni, áhugasvið nemenda, markmiðasetningu auk færni í starfsleit allt frá gerð færnimöppu til atvinnuviðtals. Hópráðgjöf er góð leið til að ná til nemenda, kynna þeim náms- og starfsráðgjöf og styðja þá á ýmsan hátt í náminu.

Einnig hefur verið lögð áhersla á að veita námsmönnum aðhald, t.d. hvað varðar mætingar og haft er samband við þá nemendur sem farið er að fatast flugið. Þeim er boðið upp á ráðgjöf, s.s. um áætlanagerð sem miðar að því að ljúka námi. Þetta virðist hafa þau áhrif að minnka brotthvarf úr námi.

Viðtöl

Alls voru tekin 397 viðtöl á árinu. Í töflunni má sjá hvernig þau skiptust í hópráðgjöf og

	Fjöldi	Hlutfall
Ráðgjafaviðtöl	132	33%
Hvatningarviðtöl	66	17%
Hópráðgjöf	199	50%
Alls	397	100 %

einstaklingsviðtöl en einstaklingsviðtöl eru bæði ráðgjafa- og hvatningarviðtöl.

Þeir sem hafa verið í hópráðgjöf eru hvattir til að mæta í einstaklingsviðtal hjá náms- og starfsráðgjafa til að skoða nánar áhugasvið, markmið og/eða færni í starfsleit. Viðfangsefni viðtala er einstaklingsbundið en felur oft í sér ráðgjöf og skoðun á starfsþróun nemenda í einhverri mynd, t.d. sjálfskoðun, athugun á möguleikum í námi og starfi, ferilskrágerð, markmiðasetningu og áætlun um næstu skref.


Talsvert er um að nemendur á námsbrautum óski eftir ráðgjöf í námi, bæði til að efla sig í náminu sem og að huga að framtíðinni. Einnig hefur fólki fjölgað sem kemur inn af götunni og óskar eftir náms- og starfsráðgjöf.

Helstu samstarfsaðilar náms- og starfsráðgjafa eru aðrir starfsmenn Framvegis auk kennslustjóra og starfsfólks Promennt, NTV og Vinnumálastofnunar.

Framvegis fékk á árinu kr. 3.290.000 úthlutað í náms- og starfsráðgjöf. Þar sem fjármagnið var uppuríð á vormisseri var sótt um viðbótarúthlutun sem fékkst að upphæð 3.000.000.

Á þessum fjórum árum sem boðið hefur verið upp á náms- og starfsráðgjöf hefur viðtölum fjölgað.

Viðtöl náms-og starfráðgjafa



Raunfærnimat

Framvegis hefur umsjón með raunfærnimati á móti námskrá Tölvubrautar Upplýsingatækniskólans. Faggreinar brautarinnar eru til mats og eru matsmenn tveir kennarar á brautinni. Einn hópur fór í gegnum raunfærnimat árið 2018. Í töflunni má sjá fjölda þátttakenda og metnar einingar á árinu.

Yfirlit yfir raunfærnimat ársins 2018

	Þátttakendur	Metnar einingar		
	Fjöldi	Alls	Meðaltal	Spönn
Vorönn	3	76	25,4	16
Alls 2018	3	76	25,4	16

Óvenju fáir þátttakendur voru í raunfærnimati 2018, en erfitt hefur reynst að kynna matið og afla þátttakenda. Vegna anna í öðrum verkefnum fór raunfærnimat ekki fram á haustönninni.

Þróunarverkefni

Framvegis leggur mikla áherslu á nýsköpun og þróun nýrra verkefna og sækir árlega um styrki til þess í Fræðslusjóð framhaldsfræðslunnar. Auk þess eru jafnan í skoðun aðrir möguleikar til að fjármagna verkefni sem styðja við þróun og vöxt Framvegis sem símenntunarmiðstöðvar og gera hana þannig betur í stakk búna til að þjóna markópum miðstöðvarinnar.

Námskrár

Þrjár námskrár, sem Framvegis hafði fengið styrk úr Fræðslusjóði til að vinna, fengu vottun Mennta- og menningarmálaráðuneytisins á árinu. Þessar námskrár eru: Skjalaumsjón (80 klst.), Uppleið – hugræn atferlismeðferð (40 klst) og Velferðartækni (40 klst.). Ein námskrá, Upplýsingatækni – þjónusta og miðlun (170 klst.) er til skoðunar og yfirferðar hjá FA. Námskráin Uppleið var tilraunakennd í samvinnu við SÍBS. Námskráin Velferðartækni var gerð í samvinnu Símeys á Akureyri sem fékk styrk frá Velferðaráðuneytinu til þess að tilraunakenna hana. Að auki er Framvegis að vinna verkefnið færniþróun á sviði framhaldsfræðslu, rafrænt námsefni fyrir leiðbeinendur í samvinnu við sérfræðinga í fullorðinsfræðslu. Áætlað er að því ljúki árið 2019.





Önnur verkefni

Framvegis sótti um tvö þróunarverkefni í Fræðslusjóð framhaldsfræðslunnar á árinu. Annarsvegar sótti miðstöðin um styrk, ásamt Fræðslusetrinu Starfsmennt, til þess að endurskrifa námskrá FA Sterkari starfsmaður og námskeiðin Rekspöl I og II. Verkefnið snýr að því að uppfæra og gera úr þeim eina námskrá. Heiti verkefnisins er Hæfniþróun á vinnumarkaði og fjórða iðnbyltingin. Hinsvegar sótti miðstöðin um styrk til þess að hæfnigreina starf skólaliða. Báðar þessar umsóknir fengu brautargengi hjá sjóðnum og fékk Framvegis styrk til verkefnanna. Hófst vinna við fyrra verkefnið haust 2018.

Markvissráðgjöf og fræðslustjóri að láni

Framvegis er með tvo Markvissráðgjafa sem sinna ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana. Ráðgjöfin felst í því að greina fræðsluþarfir þeirra og hæfni starfsmanna og stuðla þannig að eflingu og þróun mannauðs. Aðferðafræði Markviss byggir á því að stjórnendur fyrirtækja og starfsmenn vinni saman að þeirri hæfniuppbyggingu sem fyrirtækið er í þörf fyrir. Ennfremur tekur Framvegis þátt í verkefninu 'fræðslustjóri að láni' sem fólgið er í því að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja og stofnana.

Reykjavíkurborg gerði á árinu samning við miðstöðina um að greina fræðsluþarfir starfsfólks í skrifstofustörfum hjá borginni. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki á næsta ári.



Stefna og gæðastarf

Hjá Framvegis er lögð rík áhersla á fagmennsku í öllu starfi. Samkvæmt núgildandi stefnu Framvegis eru einkunnarorðin þessi:



Sjá nánar stefnu Framvegis á heimasíðu <https://www.framvegis.is/is/um-framvegis/stefna-framvegis>. Starfsfólk vinnur samkvæmt viðurkenndum verkferlum til þess að tryggja fagleg og skilvirk vinnubrögð.

Stöðin hefur starfað eftir gæðavottunarkerfi European Quality Mark (EQM) síðan 2012. Í árslok hlaut stöðin EQM+ vottun sem tekur til allra starfspáttu, þ.e. fræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats, fyrirtækið Vaxandi-ráðgjöf sá um úttektina. Starfsfólk sem og verktakar starfa eftir gæðaviðmiðum og verkferlum í samræmi við vottunina.

Haldið var áfram vinnu við innleiðingu vinnubragða til samræmis við nýja persónuverndarlöggjöf sem tók gildi 25. maí 2018. Löggjöfin gerir mun meiri kröfur en áður til varðveislu persónugreinanlegra gagna, s.s. verndar einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.

Önnur starfsemi

■ Hýsing starfsgreinaráðs

Framvegis hefur verið umsjónar- og hýsingaraðili fyrir starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina síðan 2015 og hefur þjónustusamning við Menntamálastofnun þar að lútandi. Almennir fulltrúafundir ráðsins á árinu 2018 voru 9 talsins. Fyrsti fundur ráðsins á árinu var haldinn 17. janúar og sá síðasti 14. desember. Störf ráðsins snerust að mestu leyti um vinnu við mótun hæfnikrafna starfa og námsbrautalýsingar sem Menntamálastofnun fól ráðinu. Ráðið skipaði sérstaka faghópa til þess að takast á við þessi verkefni sem í voru fulltrúar ráðsins og eftir atvikum aðrir sérfræðingar.

■ Stofuleiga

Boðið er upp á stofuleigu hjá Framvegis og eftirspurn var meiri á árinu en undanfarin ár. Samkaup hefur nú til nokkurra ára leigt stofur undir starfsþjálfun starfsfólks og hefur það samstarf gengið mjög vel. Þá hefur Íslensk ættleiðing fengið stofur undir fundi og starfsemi sína svo eitthvað sé nefnt.

■ Fagráð sjúkraliða

Tvisvar á ári er fagráð sjúkraliða hjá Framvegis kallað saman til að ráðgast um námsframboð fyrir sjúkraliða. Miðstöðin byggir framboð sjúkraliðanámskeiða á greiningu á fræðsluþörfum sem fer fram í gegnum vinnu með fagráðinu. Fagráðið skipa fulltrúar frá Sjúkraliðafélagi Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, auk sérfræðinga frá t.d. Landlæknisembættinu og Landspítala háskólasjúkrahúsi.

■ Kvasir

Framvegis er aðili að Kvasi, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Rétt til aðildar að samtökunum eiga svæðisbundnar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á Íslandi sem sinna símenntun og öðrum verkefnum skv. samningum við mennta- og menningar-málaráðuneytið. Á vegum Kvasis eru haldnir árlegir vor- og haustfundir þar sem starfs-fólk símenntunarmiðstöðvanna ber saman bækur sínar. Kvasir stendur vörð um hagsmuni símenntunarmiðstöðvanna og nemenda þeirra. Stöðvarnar sem eiga aðild að Kvasi eru 11 talsins. Á árinu var framkvæmdastjóri Framvegis kosinn í stjórn Kvasis á aðalfundi til tveggja ára.

■ Leikn

Framvegis á aðild að Leikn, samtökum fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi. Leikn er sameigin-legur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á landinu og málsvari þeirra gagnvart stjórnvöldum. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Samtökin vilja stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun og samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annarsvegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðins-fræðslu hinsvegar. Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (nonprofit), eru sjálfstæðir rekstraraðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis.

Fjarkennsla og vendinám

Framvegis hefur lagt mikla áherslu á fjarkennslu og þannig auðveldað námsmönnum að-gengi að námi. Geta námsmenn stundað nám hjá miðstöðinni óháð búsetu. Vendinám hefur verið notað í lengri námsleiðir framhaldsfræðslunnar sem hefur mælst vel fyrir og reynslan af þessu námsfyrirkomulagi hefur verið góð. Mikið hefur verið lagt upp úr því að nýta tæknina við kennslu. Á næstu árum verður aukinn þungi lagður í að bjóða upp á rafrænan aðgang að þjónustu miðstöðvarinnar, svo sem kennslu, ráðgjöf og/eða raunfærnimat.


Kynningar- og markaðsmál

Eins og undanfarin ár gaf Framvegis - miðstöð símenntunar út tvo námsvísa árið 2018 þar sem framboð á símenntun fyrir sjúkraliða var kynnt. Námsvísunum var dreift til allra félags-manna Sjúkraliðafélags Íslands og til þeirra stofnana þar sem sjúkraliðar starfa. Jafnframt voru gerðir kynningarbæklingar um nám og námsleiðir sem eru í boði hjá Framvegis.

Á vefsíðu Framvegis er námsframboð sérhverrar annar kynnt ásamt annarri þjónustu sem miðstöðin býður upp á. Að auki notar Framvegis Facebook-síðu sína til kynningar og birtingar fréttar af starfinu. Einnig voru send veffréttabréf til markhópa með vísan í vefsíðuna. Auglýsingar og greinar voru birtar í fréttablöðum SFR – stéttarfélags í almannapjónustu og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar; einnig var birt auglýsing aftan á vaktadagbók Sjúkraliðafélags Íslands eins og undanfarin ár. Þá tók Framvegis þátt í þeim viðburðum sem þóttu henta til að nálgast markhóp framhaldsfræðslunnar hverju sinni sem og annarra markhópa miðstöðvarinnar.

Námsferðir

Í janúar fóru Líney verkefnastjóri og Vigdís framkvæmdastjóri á svokallaða BETT-ráðstefnu í London til þess að kynna sér tækninýjungar í menntamálum. Helga náms- og starfsráðgjafi fór í apríl á vegum St.Rv. til Litháen þar sem hún tók þátt í Evrópuverkefni Catch the ball og hefur afurð þessa verkefnis verið notuð við góðan orðstír á námskeiðum hjá Framvegis sem og á fleiri stöðum. Í október fór Helga til Búdapest fyrir hönd Kvasis á Epale-ráðstefnu en þar var verið að fjalla um vefsíðu Epale og hvernig hægt væri að bæta viðmót við notendur. Ingibjörg náms- og starfsráðgjafi fór á eigin vegum á ráðstefnu á vegum IAEVG sem eru alþjóðleg samtök náms- og starfsráðgjafa og bar yfirskriftina „A need for change“ eða hvernig ætlum við sem náms- og starfsráðgjafar að laga okkur að breyttum áherslum á 21. öldinni.



Ársreikningur 2018

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur			
Tekjur	14	131.199.614	115.408.993
		<u>131.199.614</u>	<u>115.408.993</u>
Rekstrargjöld			
Námskeiða- og kennslukostnaður	15	58.027.646	49.126.431
Laun og launatengd gjöld	16	41.340.995	34.109.004
Húsnæðiskostnaður	17	7.519.144	7.171.632
Annar rekstrarkostnaður	18	11.056.475	11.331.304
Afskriftir	10	1.316.298	1.257.015
		<u>119.260.558</u>	<u>102.995.386</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði		11.939.056	12.413.607
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	7	<u>811.923</u>	<u>717.400</u>
Tekjuskattur	8	<u>0</u>	<u>(2.962.927)</u>
Afkoma ársins		<u>12.750.979</u>	<u>10.168.080</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr	2018	2017
Fastafjármunir	10		
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld og tæki		2.297.373	1.675.665
Hugbúnaður		2.292.922	2.866.153
		<u>4.590.295</u>	<u>4.541.818</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	5	7.579.292	9.842.950
Aðrar skammtímakröfur		1.539.060	385.904
Handbært fé	9	50.395.575	35.323.731
		<u>59.513.927</u>	<u>45.552.585</u>
Eignir samtals		<u>64.104.222</u>	<u>50.094.403</u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2018

Eigið fé og skuldir	Skýr	2018	2017
Eigið fé	11		
Hlutfé		5.202.000	5.202.000
Lögbundinn varasjóður		1.300.500	1.300.500
Óráðstafað eigið fé		47.298.477	34.547.498
		<u>53.800.977</u>	<u>41.049.998</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	12	2.048.079	1.791.766
Ógreidd laun og launatengd gjöld		4.677.452	4.289.712
Fyrirfram innheimtar tekjur		3.577.714	0
Ógreidd áætluð opinber gjöld	8	0	2.962.927
		<u>10.303.245</u>	<u>9.044.405</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>64.104.222</u>	<u>50.094.403</u>

Sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		12.750.979	10.168.080
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	10	1.316.298	1.257.015
Veltufé frá rekstri		<u>14.067.277</u>	<u>11.425.095</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		1.110.502	10.465.785
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		<u>1.258.840</u>	<u>(2.528.974)</u>
		<u>2.369.342</u>	<u>7.936.811</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>16.436.619</u>	<u>19.361.906</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð fastafjármuna	10	<u>(1.364.775)</u>	<u>(3.582.691)</u>
		<u>(1.364.775)</u>	<u>(3.582.691)</u>
Breyting á handbæru fé		15.071.844	15.779.215
Handbært fé í byrjun tímabils		35.323.731	19.544.516
Handbært fé í árslok		<u>50.395.575</u>	<u>35.323.731</u>

